



Reykjavík, 23. febrúar 2022

Efni: Upplýsingar til neytenda um NOVIS í ljósi ákvörðunar Seðlabanka Slóvakíu sem felur í sér niðurstöðu um brot félagsins.

NOVIS¹ er váttryggingafélag sem dreifir vörum sínum á Íslandi og nokkrum öðrum löndum í Evrópu. Seðlabanki Slóvakíu (NBS), eftirlitsaðili váttryggingafélagsins NOVIS, birti [ákvörðun](#) 17. janúar 2022 þar sem fram kemur að NOVIS hafi gerst brotlegt við lög á tímabilinu 30. júní 2021 til 17. ágúst 2021 sem kallar á úrbótakröfur af hálfu Seðlabanka Slóvakíu. Hinn 1. febrúar 2022 birti Seðlabanki Slóvakíu viðbótarupplýsingar um úrbótakröfur sem ákvörðunin felur í sér.

Hvernig snertir NOVIS íslenska neytendur?

- Afurðir NOVIS hafa verið seldar íslenskum neytendum í gegnum dreifingaraðila (váttryggingamiðlara) á Íslandi.

Hvað var NBS að taka ákvörðun um?

- NOVIS hafi á tímabilinu 30. júní 2021 til 17. ágúst 2021:
 - ekki stundað starfsemi sína með varfærnisþjórnarmið að leiðarljósi, þ.e. ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að milda áhættur vegna áhættuþátta sem gætu haft skaðleg áhrif á fjárhag félagsins og
 - ekki haft nægt gjaldþol (e. own funds) til að mæta gjaldþolskröfu (e. Solvency Capital Requirement).
- Seðlabanki Slóvakíu kemst ennfremur að niðurstöðu um að NOVIS hafi á sama tímabili ekki haft nægt gjaldþol til að mæta gjaldþolskröfum. Við útreikning á váttryggingaskuld hafi félagið ekki byggt á raunhæfum forsendum, hvað varðar líkur á uppsögnum samninga af hálfu váttryggingartaka á Íslandi og Ítalíu. Til viðbótar því hafi forsendur við útreikninga á gjaldþoli félagsins verið ákvarðaðar með ósamkvæmum og staðlausum hætti, sem hafi leitt til rangrar ályktunar um að félagið hafi mætt gjaldþolskröfu með nægu gjaldþoli.
- NBS gerir úrbótakröfur í þremur liðum í ákvörðuninni. Birtar eru upplýsingar um fyrsta og þriðja lið úrbótakrafna.
 - Í fyrsta lið úrbótakrafna kemur fram að NBS krefur NOVIS um að hækka váttryggingaskuld til samræmis við 85. gr. Solvency II tilskipunarinnar, sbr. 86. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Gildistími ákvörðunar um hækkun váttryggingaskuldar er frá árslokum 2021 til ársloka 2022. Þá kemur fram í þessum lið

¹ Fullt nafn félagsins er NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poist'ovňa a.s.



úrbótakrafnanna að NOVIS geti sótt um að nota aðrar forsendur við útreikning váttryggingaskuldar, að fengnu samþykki NBS.

- Í þriðja lið krafnanna kemur fram að NOVIS eru strax settar tímabundnar takmarkanir til 15. mars 2022 varðandi frjálsa ráðstöfun á eignum félagsins sem og allar ráðstafanir sem geta rýrt verðgildi eigna. Þá eru útgreiðslur krafna til aðila í sérstöku sambandi við NOVIS óheimilar ásamt frekari skuldsetningu nema það sem reglulegur rekstur félagsins kallar á.

Gerir NBS aðrar úrbótakröfur til NOVIS?

- Já, NBS gerir úrbótakröfur í þremur liðum og hefur birt upplýsinar um fyrsta og þriðja liðinn.

Hvað þýðir ákvörðun NBS fyrir samninginn minn?

- Váttryggingarsamningar sem NOVIS hefur gert við váttryggingataka eru enn í gildi.
- NBS hefur komist að þeirri niðurstöðu að NOVIS hafi vanmetið væntanlegan kostnað við uppgjör skuldbindinga sem það hefur lofað að greiða váttryggingatökum og tjónþolum og að það hafi ekki fullnægt kröfum um nægt gjaldþol.
- Fjármálaeftirlitið bendir neytendum jafnframt á það sem fram kemur í ákvörðun Seðlabanka Slóvakíu. Sjá svar við spurningunni *Hvað var NBS að taka ákvörðun um* hér að ofan.

Hvað er gjaldþolskrafa?

- Gjaldþolskrafa er mælikvarði yfir alla áhættu váttryggingafélags til þess að áætla mögulegt tap þess til næstu 12 mánaða m.v. 99,5% öryggisstig. Gjaldþolskrafa er reiknuð eftir staðalreglu eða eigin líkani og tekur tillit til þess hvort rekstur váttryggingafélags sé áhættusamur m.t.t. þeirrar starfsemi sem félagið stundar, fjárfestinga og fleiri þátta.

Hvað er gjaldþol?

- Það fjármagn sem váttryggingafélag þarf að hafa til að mæta tapi sem leiðir af atburðum sem leiða til óhagstæðrar afkomu af rekstri váttrygginga, fjárfestinga eða annarra þátta í rekstri váttryggingafélags.

Hvað er váttryggingaskuld?

- Váttryggingaskuld er skuldbinding váttryggingafélaga vegna gerðra váttryggingarsamninga. Hún er mat á væntanlegum kostnaði váttryggingafélags við greiðslu bóta sem það hefur lofað að greiða tjónþolum eða váttryggingartökum.

Hvert á ég að snúa mér fyrir frekari upplýsingar?



- Upplýsingar um ákvörðun Seðlabanka Slóvakíu (NBS) má finna á [vef stofnunarinnar](#). Þá er hægt að [hafa samband](#) við NBS í gegnum síma, símbref eða tölvupóst.
- Öðrum spurningum sem varða vernd íslenskra neytenda má beina til [Seðlabanka Íslands](#).

Hvert á ég að snúa mér fyrir upplýsingar og ráðstafanir sem varða samninginn minn?

- Fjármálaeftirlitið bendir íslenskum neytendum, sem hafa gert samninga um vörur NOVIS, á að hafa samband við váttryggingafélagið á [vefsíðu þess](#) eða þann váttryggingamiðlara sem þeir keyptu afurðina hjá til að fá nánari upplýsingar og leiðbeiningar.

Hver tók ákvörðunina?

- Seðlabanki Slóvakíu ([Národná Banka Slovenska](#), NBS)

Hvers vegna tók Seðlabanki Slóvakíu þessa ákvörðun?

- Ákvörðunin er hluti af áframhaldandi viðurlagamáli NBS gegn NOVIS. Áður hefur NBS m.a. í kjölfar vettvangsathugunar NBS, EIOPA og evrópskra eftirlitsstjórnvalda þar sem NOVIS stundar starfsemi, tekið ákvörðun um að NOVIS hafi gerst sekt um brot á lögum með því að fjárfesta ekki mótteknum iðgjöldum til samræmis við skilmála váttryggingasamninga.

Hvað þýðir það að að hafa ekki nægt gjaldþol til að mæta gjaldþolskröfu?

- Gjaldþol er það fjármagn sem váttryggingafélag þarf að hafa til að mæta tapi sem leiðir af atburðum sem leiða til óhagstæðrar afkomu af rekstri váttrygginga, fjárfestinga eða annarra þátta í rekstri váttryggingafélags.
- Gjaldþolskrafa er mælikvarði yfir alla áhættu váttryggingafélags til þess að áætla mögulegt tap þess til næstu 12 mánaða m.v. 99,5% öryggisstig. Gjaldþolskrafa er reiknuð eftir staðalreglu eða eigin líkani og tekur tillit til þess hvort rekstur váttryggingafélags sé áhættusamur m.t.t. þeirrar starfsemi sem félagið stundar, fjárfestinga og fleiri þátta.
- Váttryggingafélag þarf að búa yfir gjaldþoli til að geta m.a. greitt út váttryggingarbætur og tekist á við tap sem komið getur til vegna óhagstæðrar afkomu félagsins, óhagstæðra fjárfestinga eða annarra þátta í rekstri váttryggingafélagsins.
- Uppfylli váttryggingafélag ekki kröfur um nægt gjaldþol til þess að mæta gjaldþolskröfu ber því að gera og fylgja eftir áætlun um endurreisn fjárhags skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Gangi það ekki eftir, getur fjármálaeftirlit í viðkomandi ríki afturkallað starfsleyfi félagsins.

Af hverju má slóvakískt váttryggingafélag dreifa vörum á Íslandi?

- Váttryggingafélög með starfsleyfi og undir eftirliti eftirlitsstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu geta veitt þjónustu í öllum ríkjum Evrópu að undangengnum tilkynningum til viðeigandi



eftirlitsstofnana. Félögin geta veitt þjónustu yfir landamæri, m.a. í gegnum útibú, umboðsmenn og dreifingaraðila. Eftirlitsstofnanir í heimaríki félaga hafa eftirlit með því að þau uppfylli kröfur sem gerðar eru til starfsemi þeirra. Fjármálaeftirlitið hefur komið að eftirliti með viðskiptaháttum og markaðssetningu félaga sem veita þjónustu hér á landi, ásamt eftirlitsstofnunum í heimaríki.

- Slóvakíska váttryggingafélagið er ekki með starfsstöð á Íslandi en dreifir vörum sínum í gegnum íslenska váttryggingamiðlara.

Hvaða lög gilda um váttryggingastarfsemi og fjármálaeftirlit í Slóvakíu?

- Lög nr. [39/2015 um váttryggingastarfsemi](#) og breytingar á nokkrum lögum (Act on insurance and amending certain laws) sem byggja á Solvency II tilskipun framkvæmdastjórnar ESB.
- Lög nr. [747/2004 um eftirlit með fjármálastarfsemi](#) (Act on Financial Market Supervision).

Hver hafa afskipti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verið af NOVIS hingað til?

- EIOPA, Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og eftirlitsstjórnvöld í þeim ríkjum Evrópu sem NOVIS er með starfsemi í, þar á meðal á Íslandi, hafa átt í miklum samskiptum vegna NOVIS á undanförunum misserum um álitafni í tengslum við starfsemi félagsins. Þessi álitafni tengjast bæði fjárhagsskilyrðum og viðskiptaháttum NOVIS.
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) vísar að öðru leyti til fyrri fréttanna frá [18. og 29. september](#), [23. október](#), [13. nóvember 2020](#), [25. febrúar](#) og [28. apríl 2021](#), þar sem greint var frá því að NBS birti [fréttatilkynningu](#) 27. apríl 2021 um [ákvörðun](#) vegna brots váttryggingafélagsins NOVIS sem lýtur að fjárfestingu iðgjalda (e. investment infringement) í samræmi við skilmála váttryggingasamninga. Ásamt frétt frá [26. janúar 2022](#) þar sem sagt er frá nýrri ákvörðun Seðlabanka Slóvakíu um brot NOVIS og ákvörðun NBS um að takmarka tímabundið frjálsa ráðstöfun eigna félagsins
- Fjármálaeftirlitið hefur áður birt fréttir og tilkynningar sem tengjast starfsemi NOVIS. [Í júlí 2018 vakti Fjármálaeftirlitið athygli á](#) því að Seðlabanki Ungverjalands hefði stöðvað tímabundið nýsölu á söfnunarlíftryggingum NOVIS. Í fréttinni var bent á að NOVIS væri með starfsemi m.a. á Íslandi og væri þá að bjóða söfnunarlíftryggingar til íslenskra neytenda.
- Fjármálaeftirlitið hafði áður vakið athygli á hvað hafa bæri í huga við kaup á váttryggingatengdum fjárfestingaafurðum, en [frétt þess efnis birtist í júní 2018](#).
- Fjármálaeftirlitið hefur einnig tekið til athugunar viðskiptahætti váttryggingamiðlara á Íslandi í tengslum við sölu á vörum NOVIS. Tilkynningar um niðurstöður athugananna birtust í [ágúst 2018](#) og í [apríl 2019](#).
- Þá birti Fjármálaeftirlitið [frétt í september 2019](#) um að NOVIS hefði ákveðið að hætta sölu á *Wealth Insuring* afurðinni á Íslandi. Í fréttinni kom fram að ástæðan væri sú að ný tilskipun um dreifingu váttrygginga hefði verið innleidd á Íslandi. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar taldist varan einungis hæfa einstaklingum með fullnægjandi þekkingu og reynslu af fjárfestingum. Þessum sjónarmiðum hafði verið komið á framfæri við félagið af nokkrum



eftirlitsstjórnvöldum í Evrópu, þar á meðal Fjármálaeftirlitinu á Íslandi. Þessi eftirlitsstjórnvöld höfðu átt í miklum samskiptum við félagið varðandi álitafni í tengslum við vöruna.